

Skeljagrandi 3
Reykjavík
2. mars 2020

Til bæjarráðs Akraneskaupstaðar

Nú fer óðum að stytast í aldarafmæli knattspyrnunnar á Akranesi, sem miðast við stofnun knattspyrnufélagsins Kára 26. maí 1922. Það voru ungir og þróttmiklir drengir, á aldrinum 11 til 14 ára, sem stofnuðu félagið en enginn knöttur var til í bæjarfélaginu svo fyrsta markmið félagsins var safna saman fjármagni fyrir einum slíkum. Það hefur býsna margt breyst á þeirri tæpu öld sem liðin er. Þegar boltinn var farinn að rúlla í kartöflugörðum bæjarins var ekki aftur snúið. Knattspyrnan er órjúfanlegur hluti ímyndar Skagans, eins konar táknmynd. Saga knattspyrnunnar á Akranesi er einnig að miklu leyti saga knattspyrnunnar á Íslandi.

Í tilefni þeirra tímamóta að knattspyrnan fagnar brátt 100 ára afmæli á Akranesi tel ég að tími sé til þess kominn að skrásetja þessa merku sögu í metnaðarfullt sagnfræðirit. Ef mér skjátlást ekki eru bindin tvö *Skagamenn skoruðu mörkin* eftir þá Jón Gunnlaugsson, Sigtrygg Sigtryggsson og Sigurð Sverrisson sem út komu 1984 og 1985 það eina sem fært hefur verið með skipulegum hætti á blað varðandi sögu knattspyrnunnar á Akranesi. Þau bindi eru bæði skemmtileg og áhugaverð en eru ekki eiginlega sögurit heldur fremur eins konar annálar þar sem vel er haldið utan um úrslit leikja, markaskorara og skemmtisögur.

Í síðasta mánuði kynnti ég þessa hugmynd fyrir stjórn Knattspyrnufélags ÍA sem styður hana og hefur áhuga á að hún komist til framkvæmda ef það tekst að fjármagna hana. Ég brenn fyrir þetta verkefni og geng svo langt að segja að mér þyki allt að því nauðsynlegt, og löngu tímabært, að magnaðri sögu knattspyrnunnar á Akranesi sé komið skilmerkilega til skila. Því biðla ég til Akraneskaupstaðar eftir aðstoð og aðkomu að því að metnaðarfullt sagnfræðirit verði gefið út 26. maí 2022 þegar Mekka knattspyrnunnar á Íslandi fagnar aldarafmæli sínu. Hvet ég bæjaryfirvöld til að taka upp samtál við KFÍA og ÍA um verkáætlun og útfærslu á þessu verkefni, stuðningsmönnum ÍA, Skagamönnum nær og fjær og landsmönnum öllum, í nútíð og framtíð, til heilla.

Kær kveðja
Björn Þór Björnsson